

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, fyrir Drangsskarð 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. júlí 2026 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, fyrir Drangsskarð 2.

Breytingin felst í því að gönguleið í bæjarlandi er færð frá lóðarmörkum við Drangsskarð 2 að götu. Gönguþverun yfir Bjargsskarð flyst neðar í götuna á mótis við nýja gönguleið við götu. Lóðarmörk Drangsskarðs 2 breytast og einu bílastæði er bætt við á lóðina. Bílastæði á bæjarlandi og lóð fyrir djúpgáma flytjast til norðurs. Lóð HS Veitna, Drangsskarð 2H, er snúið í samræmi við núverandi legu spennistöðvarhúss.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. júlí 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 20. júlí 2026